

Mánudaginn 17. október 1966.

Nr. 143/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

**Óskari Agnari Ólafssyni og
Sigurði Þorkelssyni**

(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Umboðs- og skilasvik.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf Axels Einarssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 10. þ. m., um kröfu H/f Eimskipafélags Íslands á hendur Raftækni h/f vegna innflutnings bifreiða þeirra, er mál þetta fjallar um. Segir í bréfinu, „að upp í kröfu þessa hafa verið greiddar til H/f Eimskipafélags Íslands, í peningum og verðbréfum, kr. 2.699.900.88 samtals. Þá eru til innheimtu hér á skrifstofunni nokkrir vixlar, og er ekki ólíklegt, að takast muni að innheimta af þeim um 80 þús. krónur. Mál þetta hefur verið til meðferðar á skrifstofu okkar í nærfellt 3 ár, eða frá því í janúar 1964. Er útlagður kostnaður, þ. e. kostnaður við löghaldsgerðir, stimpilgjöld og önnur réttargjöld, kr. 95.768.30. Er þessi kostnaður að fullu greiddur.

Lögmanni skuldunauts, hrl. Kristjáni Eiríkssyni, mun síðar verða gerð grein fyrir vöxtum af kröfunni og málskostnaði, en upp í þessa 2 kröfuliði hafa greiðst kr. 216.338.68“.

Málsatvikum er nægilega lýst í héraðsdómi.

Varða brot ákærða Óskars Agnars Ólafssonar við 249. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. og við 2. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og við þau ákvæði laga nr. 68/1956 og reglugerðar nr. 41/1957, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga, er í ákæru greinir.

Brot ákærða Sigurðar Þorkelssonar varða beint við 249. gr. og við 2. tl. 1. mgr. 250. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga svo og við þau ákvæði laga nr. 68/1956 og reglugerðar nr. 41/1957, er í ákæru getur.

Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærðu og um frádrátt gæzluvarðhaldstíma þeirra svo og um ævilanga sviptingu smásöluleyfis ákærða Óskars Agnars Ólafssonar.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknaralaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málflutningslaun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 22.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærðu, Óskars Agnars Ólafssonar og Sigurðar Þorkelssonar, og um frádrátt gæzluvarðhaldstíma þeirra svo og um ævilanga sviptingu smásöluleyfis ákærða Óskars Agnars Ólafssonar eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknaralaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 22.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. febrúar 1966.

Árið 1966, þriðjudaginn 15. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara kveðinn upp dómur í málinu nr. 74—75/1966: Ákæru valdið gegn Óskari Agnari Ólafssyni og Sigurði Þorkelssyni, sem tekið var til dóms 9. sama mánaðar.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 30. nóvember f. á., er opinbert mál höfðað á hendur Óskari Agnari Ólafssyni bifreiðarstjóra, Hraunbraut 34, Kópavogi, og Sigurði Þorkelssyni verkamanni, Bólstaðarhlíð 36, Reykjavík,

„fyrir að hafa með eftirgreindum hætti gerzt sekir um auðgunar- og tolllagabrot sumarið 1963 í Reykjavík:

- I. A. Ákærða Sigurði er gefið að sök að hafa á sviksamlegan hátt misnotað aðstöðu sína sem starfsmaður Eimskipafélags Íslands h/f í vörugeymslu þess við Borgartún í

júní- og júlímánuðum með því að afhenda í heimildarleysi og í eiginhagsmunaskyni meðákærða Óskari Agnari eftirgreindar 25 ótollafrageiddar bifreiðir, sem voru þar í vörzlum Eimskipafélags Íslands h/f og fluttar höfðu verið til Reykjavíkur frá Hull með skipum Eimskipafélagsins á vegum Raftækni h/f frá Rootes Ltd., London:

I.	II.	III.	IV.	V.
Flutningsskip:	Frá:	Komu dagur skips:	Farm-skrár-númer:	Verksmiðjunúmer:
1. „Tröllafoss“	Hull	17/7 '62	B/L 594	B 7103348/OD/I SO (T)
2. "	"	4/3 '63	" 114	VT 224891/2 CO 6388
3. "	"	" "	" 215	VT 225033 2 CO 6553
4. „Mánafoss“	"	15/3 "	" 68	VT 224571 2 CO 6117
5. „Anne Nübel“	"	24/4 "	" 233	B 7205767/L/L SO
6. "	"	" "	" 363	B 7201227/L/ SO
7. „Hegra“	"	25/5 "	" 2	B 620234/H/LVO
8. "	"	" "	" 23	B 620290/H LVO
9. „Tröllafoss“	"	1/6 "	" 189	B 7206391/L/LSO
10. "	"	" "	" 190	B 620235/H/LVO
11. "	"	" "	" 191	B 620206/H/LVS
12. "	"	" "	" 192	B 620324/H/LVS
13. "	"	" "	" 193	B 620355/H/LVS
14. "	"	" "	" 194	B 620342/H/LVS
15. "	"	" "	" 195	B 620351/H/LVS
16. "	"	" "	" 196	B 620362/H/LVS
17. "	"	" "	" 197	B 7206588/L/LSO
18. "	"	" "	" 198	B 7206330/L/LSO
19. "	"	" "	" 199	B 7206368/L/LSO
20. "	"	" "	" 200	B 7206316/L/LSO
21. "	"	" "	" 206	B 3065996/L/ x (G.B.)
22. „Mánafoss“	"	21/7 "	" 175	B 3105120/L/OD/ LSO (T)
23. "	"	" "	" 176	B 3105059/L/OD/ LSO (M)
24. „Tröllafoss“	"	9/8 "	" 149	B 1329791/H/ LSD (T)
25. „Fjallfoss“	"	17/9 "	" 129	B 7206391/L/LSO

VI.	VII.	VII. (sic)	VIII.
<i>Merki á</i>			
<i>farmskrá: Tegundarheiti:</i>		<i>Seldur til:</i>	<i>Skrásetning:</i>
Rootes 18 Singer Vogue		Hrl. Ágúst Fjeldsted, Rvík	R-393
— 5 Commer 1500 F/C Van		Stefán Rafn, Hafnarfirði	G-1541
— 6 — — — —		Teppi h.f., Rvík	R-14250
— 9 — — — —		Geir G. Geirsson, Kópavogi	Y-1185
— 58 Singer Vogue		Guðbjartur Pálsson, Rvík	R-14021
— 68 — —		Jón Þorgrímsson, Húsavík	D-340
— 46 Commer B		Sigmundur K. Rikardsson, Rvík	R-14246
— 72 — —		Ólafur Júlíusson, Kópavogi	Y-390
— 70 Singer Vogue			
— 47 Commer B		Raftækni h.f., Rvík	R-14786
— 64 Singer Auto Car			
— 66 Commer B		Hjól h.f., Rvík	R-14086
— 73 — —		Jón Strandberg, Hafnarfirði	G-2874
— 74 — —		Finnur Magnússon, Ísafirði	Í-221
— 75 — —		Guðni Einarsson, Vestm.eyjum	V-404
— 76 — —		Byggingavöruverzl. Kópavogs	Y-1298
— 78 Singer Vogue		Cecil V. Jensen, Rvík	R-9456
— 77 — —		Kaj Lorange, Rvík	R-6291
— 79 — —		Arthur Jónatansson, Rvík	R-6146
— 80 — —		Guðbjartur Pálsson, Rvík	R-14204
— 83 Sunbeam Rapier Saloon			
— 89 Humber Sceptye		Áburðarverksmiðjan, Rvík	R-3585
— 90 — —		— —	R-3032
— 92 Singer Vogue		Valtýr Þórólfsson, Reyðarf.	U-53
— 88 Hillman Super Minx Saloon			

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 248. gr. eða 249. gr. sömu laga, svo og 33. gr., sbr. 45. gr. laga nr. 68, 1956 um tollheimtu og tolleftirlit og 46. gr. og 2. mgr. 48. gr. i.f., sbr. 102. gr. reglugerðar nr. 41, 1957 um sama efni, sbr. 32. gr. og 50. gr. nefndra laga nr. 68. 1956.

B. Ákærða Óskari Agnari er gefin að sök hlutdeild í fyrrgreindu atferli meðákærða Sigurðar, sem rakið er hér að framan í A-lið, með því að hafa á þargreindum tíma, en þá veitti hann fyrirtækinu Raftækni h. f. í Reykjavík forstöðu, hvatt meðákærða Sigurð til fyrrgreinds atferlis, bæði með fullyrðingum við Sigurð um, að hann (Óskar Agnar) myndi sjá um löglega tollafgreiðslu bifreiðanna innan nokkurra daga án þess að hafa fyrirsjáanlega möguleika til þess, enda reyndist það ókleift, svo og með áfengisgjöfum til Sigurðar við afhendingu hverrar bifreiðar.

Telst þetta aðallega varða við 247. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaganna, en til vara við 248. gr. eða 249. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, svo og við 33. gr., sbr. 45. gr. laga nr.

68, 1956 og 46. gr. og 2. mgr. 48. gr. i.f., sbr. 102. gr. reglugerðar nr. 41, 1957, sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaganna, og enn fremur við 1. mgr. 39. gr. laga nr. 68, 1956.

II. Skilasvik.

A. Ákærða Óskari Agnari er gefið að sök að hafa, að lokinni móttöku bifreiða þeirra, sem um ræðir í I-A, selt þær eða ráðstafað til viðskiptavina Raftækni h/f, sbr. dálka VIII og IX í þargreindum lista, og áður en aflétt yrði vörzlu og haldsrétti Eimskipafélags Íslands h/f yfir bifreiðunum, þar sem þær höfðu þá enn eigi hlotið lögmæta tollafgreiðslu og Eimskipafélagið bæri sem farmflytjandi ábyrgð á aðflutningsgjöldum og andvirði bifreiðanna, en vangreidd aðflutningsgjöld af þeim námu kr. 2.509.785.00, ógreitt af innkaupsverði kr. 269.384.75 og vangreidd flutningsgjöld kr. 112.454.70, eða samtals kr. 2.891.624.70.

Telst þetta varða við 250. gr., 2. töl. 1. mgr., hegningarlaganna.

B. Ákærða Sigurði er gefin að sök hlutdeild í fyrrgreindu broti meðákærða Óskars Agnars, sem greint er hér að framan í A-lið, með því að hafa afhent honum umræddar bifreiðir til ráðstöfunar á þann hátt sem rakið er í A-lið fyrri kafla ákærunnar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 250. gr., 2. töl., sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar. Þá er þess einnig krafist, að ákærði Óskar Agnar verði sviptur verzlunarleyfi samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 68, 1956 og 2. og 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna.“

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Óskar Agnar Ólafsson er fæddur 29. nóvember 1930 í Reykjavík og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1950 6/11 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur öku-
leyfi í 6 mánuði fyrir brot gegn áfeng-
is-, bifreiða- og umferðarlögum og lög-
reglusamþykkt Reykjavíkur.

1953 20/3 — — Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og spell-
virki.

1956	15/9	í Reykjavík:	Sátt, 11.500 kr. sekt fyrir brot á 3. sbr. 33. gr. áfengislaga.
1960	14/3	— —	Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1961	14/8	— —	Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
1962	12/7	— —	Áminning fyrir ökuhraða.
—	5/9	— —	Dómur: 3.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 8 mánuði fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
1964	12/3	— —	Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
—	22/4	— —	Sátt, 800 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
—	23/10	— —	Dómur: Fangelsi í 12 mánuði, sviptur smásöluleyfi ævilangt fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga og 39. gr. laga nr. 68/1956.
1965	17/5	— —	Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir vanrækslu á verðútreikningum.
—	23/6	— —	Dómur Hæstaréttar í máli, sem dæmt var í sakadómi Reykjavíkur 23/10 1964: Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.
Ákærði Sigurður Þorkelsson er fæddur 10. apríl 1925 í Reykjavík og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:			
1944	21/7	í Reykjavík:	Dómur aukaréttar: Sýknaður af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 26. kafla hegningarlaganna, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 13/1941, 2. sbr. 27. gr., 1. mgr., og 15. sbr. 33. gr. áfengislaga.
1945	23/4	— —	Sátt, 125 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 14. gr. áfengislaga.
—	25/5	— —	Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1946	20/3	— —	Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1947	4/1	— —	Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1950 27/7 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaga.
- 1952 29/3 — — Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1953 27/11 — — Dómur: 1.800 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 8 mánuði fyrir brot á áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum og lögreglusamþykkt.
- 1964 23/10 — — Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 249. gr. hegningarlaga og 46. og 48. gr. reglugerðar nr. 41/1957.
- 1965 23/6 — — Dómur Hæstaréttar í framangreindu máli: Hinn áfryjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Árið 1961 var stofnað fyrirtækið Raftækni h/f hér í borg, og var tilgangur þess: rafvélaviðgerðir og verzlun með ýmiss konar varahluti og annar skyldur rekstur. Ákærði Óskar Agnar Ólafsson varð formaður félagsstjórnar og annar af tveimur framkvæmdastjórum félagsins, og átti hann og eiginkona hans þriðjung hlutafjár þess, eða 20 þús. kr.

Árin 1962 og 1963 flutti félagið til landsins nokkuð af bifreiðum frá Rootes Ltd. í Englandi. Voru þar á meðal þær 25 bifreiðar, sem taldar eru í ákæru máls þessa, og voru þær fluttar inn með þeim skipum H/f Eimskipafélags Íslands og á þeim tíma, sem þar greinir. Það athugast þó, að tegundarheiti bifreiðarinnar í 24. lið var Hilman Super Minx Saloon og bifreiðarinnar í 25. lið í ákæru Singer Vogue. Tollar og aðflutningsgjöld af þessum 25 bifreiðum námu samtals kr. 2.509.785.00.

Greindar bifreiðar voru færðar í vörugeymslu skipafélagsins í svonefndum Borgarskála við Borgartún hér í borg. Ákærði Sigurður Þorkelsson, sem þar hafði starfað í 5—6 ár, tók þá við þeim, og skyldi hann afhenda þær gegn framvísun farmskírteina, sem á hefði verið stimplað, að flutningsgjöld bifreiðanna væru greidd (stimpill H/f Eimskipafélags Íslands), að tollar og aðflutningsgjöld væru greidd (stimpill tollfyrivalda) og að verð bifreiðanna væri greitt (stimpill banka).

Á tímabilinu frá því seinast í júní og fram í september 1963 fékk ákærði Óskar Agnar ákærða Sigurð til að afhenda sér greindar 25 bifreiðar úr vörugeymslu skipafélagsins án framvísunar nokkurra heimildarskjala. Bifreiðarnar voru dregnar í burtu, stundum 2—3 eða nokkrar sama dag, af bifreið, sem ákærði Óskar Agnar ók, en annar maður, sem með honum var, stýrði bifreiðunum. Ákærði Óskar Agnar lét ákærða Sigurð fá eina flösku af hvannarótarbrennivíni í hvert skipti, áður en hann fékk bifreið afhenta. Bauð hann ákærða Sigurði áfengið að fyrribragði, en hinn síðarnefndi kveðst drekka þó nokkurt áfengi og ekki hafa fengið aðra umbun eða þóknun fyrir afhendingu bifreiðanna.

Ákærði Óskar Agnar kveður, að upphaf þessa hafi verið það, að hann hafi þurft mjög að fá eina bifreið afhenta og þá, án vitundar annarra eigenda Raftækni h/f, beðið ákærða Sigurð um að láta hana af hendi án heimildarskjala, en því mundi verða kipt í lag eftir nokkra daga. Fyrirtækið Raftækni h/f hafi verið í fjárþröng á þessum tíma, en hann hafi gert sér vonir um, að úr þeim vandræðum mundi rætast, því að vonir hefðu staðið til, að inn í fyrirtækið kæmi maður með nokkurt reiðufé, þó að það brygðist. Hefur hann færzt undan því að nafngreina mann þennan. Enn fremur kveður hann, að margir af hinum væntanlegu kaupendum bifreiðanna hafi verið búnir að greiða fyrirtækinu um helming kaupverðsins fyrirfram og því verið farnir að ganga eftir þeim. Þá hafi um mánaðamótin apríl og maí 1963 tollur af bifreiðunum hækkað úr 40% í 90%, eða um ca. 20 þús. kr. Hafi því orðið tap á sölu þeirra, því að tollahækkunin hafi lent á fyrirtækinu, þar sem kaupsamningar um bifreiðarnar hafi verið miðaðar við hina eldri tolla. Kaupendur bifreiðanna hafi síðan greitt fyrirtækinu eftirstöðvar kaupverðsins, þegar þeir fengu þær í hendur.

Ákærði Sigurður kveður ákærða Óskar Agnar hafa lagt að sér að afhenda honum greindar bifreiðar og lofað honum (ákærða Sigurði) því, að hann skyldi koma með stimpluð farmskírteini eftir mjög stuttan tíma. Kveðst ákærði Sigurður hafa látið undan honum, „vegna þess að hann er meinlaus maður“, eins og hann hefur komist að orði um sig. Ákærði Óskar Agnar hafi þó aldrei komið með farmskírteinin.

Þegar bifreiðarnar voru afhentar úr vörugeymslunni til ákærða Óskar Agnars, voru ógreidd öll flutningsgjöld þeirra til H/f Eimskipafélags Íslands og allir tollar og aðflutningsgjöld,

en verð þeirra var, að því er hann telur, þegar greitt í Útvegsbanka Íslands að undanskildum 342 þús. kr., en í þeirri upphæð var innfalið verð þriggja bifreiða, er voru enn geymdar hjá skipafélaginu. Ákærði Sigurður kveðst hafa gert sér ljóst, þegar hann afhenti bifreiðarnar án framvísunar farmskírteina, að framangreind gjöld höfðu eigi verið greidd. Hafi hvarflað oftár en einu sinni að sér, að hann mundi baka skipafélaginu fjárhagstjón með háttsemi sinni og hafi sér þá eigi liðið vel, en hins vegar hafi hann treyst því til hins síðasta, að ákærði Óskar Agnar kæmi með stimpluð farmskírteini og kippti málunum þannig í lag.

Af hálfu H/f Eimskipafélags Íslands hefur verið upplýst, að gagnvart því hafi Raftækni h/f verið eigandi allra hinna 25 bifreiða, þegar þær voru afhentar úr vörugeymslu félagsins. Þá kveðst ákærði Óskar Agnar halda, að allar bifreiðarnar hafi verið greiddar Rootes Ltd. og því verið eign Raftækni h/f, þegar þær fóru úr vörzlum skipafélagsins, en bankaábyrgð hafi þó verið óuppperð. Hann telur sig þá hafa haft í höndunum farmskírteini fyrir hverja einstaka bifreið.

Útgjöld H/f Eimskipafélags Íslands vegna framangreinds atferlis ákærðu eru sem hér segir:

1. Krafa tollstjórans í Reykjavík um greiðslu á vangreiddum tollum og aðflutningsgjöldum af 25 bifreiðum	kr. 2.509.785.00
2. Krafa Útvegsbanka Íslands um greiðslu á eftirstöðvum af ógreiddu innkaupsverði bifreiðanna ásamt vöxtum	— 282.988.60
3. Vangreidd farmgjöld, uppskipunar- og vörugjöld	— 129.192.00

Samtals kr. 2.921.965.60

Hér fyrir utan er útlagður kostnaður félagsins vegna mála-rekstrar þessa og vaxtakostnaður.

Með dómsátt afhenti ákærði Óskar Agnar skipafélaginu víxla samtals að fjárhæð kr. 746.360.00 og setti að veði húseignina Háagerði 77 með II. veðrétti fyrir kr. 1.000.000.00, húseignina Háagerði 35 með VI. veðrétti fyrir kr. 800.000.00 og húseignina Langholtsveg 113 með IV. veðrétti fyrir kr. 700.000.00.

Hefur skipafélagið fengið nú greiddar upp í fyrrgreind út-

gjöld þess um kr. 2.700.000.00 í peningum og verðbréfum auk nokkurra víxla, sem félagið hefur ennþá til innheimtu, og lögfræðingur þess telur, að takast muni að innheimta af kr. 100.000.00 til kr. 150.000.00.

Félagið hefur því ekki haft uppi fébótakröfur í máli þessu.

Kemur þá til athugunar, hvort ákærðu hafa gerzt brotlegir gegn þeim ákvæðum laga og reglugerðar, sem í ákæru greinir.

Telja verður, að ákærði Sigurður hafi misnotað aðstöðu sína sem starfsmaður í vörugeymslu H/f Eimskipafélags Íslands sér til nokkurs ávinnings með því að afhenda í heimildarleysi ákærða Óskari Agnari fyrrgreindar 25 bifreiðar, sem voru í eigu Raftækni h/f í nefndri vörugeymslu, en ekki höfðu verið greiddir af tollar, flutningsgjöld og hluti af innkaupsverði. Verknaður þessi var fyrst og fremst í þágu Raftækni h/f, sem ákærði Óskar Agnar stýrði og átti að hluta, og hvatti hann ákærða Sigurð til verknaðarins, bæði með fullyrðingum, sem ætla verður, að hinn fyrrnefndi hafi hlotið að sjá fyrir, að ekki mundu standast, svo og með áfengisgjöfum ákærða Sigurði til handa.

Ákærði Óskar Agnar lét síðan bifreiðarnar af hendi við kaupendur þeirra, áður en aflétt yrði haldsrétti skipafélagsins yfir bifreiðunum, þar sem þær höfðu þá enn eigi hlotið lögmæta tollafgreiðslu og félagið bæri sem farmflytjandi ábyrgð á aðflutningsgjöldum og andvirði þeirra. Ákærði Sigurður gerði hins vegar ákærða Óskari Agnari mögulegt að framkvæma verknað þennan með því að afhenda honum bifreiðarnar, og hlaut hinum fyrrnefnda að vera ljós þau réttarspjöll eða fjártjón, sem verknaðurinn gat haft í för með sér fyrir skipafélagið.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn að sýkna verði ákærðu af ákæru um brot gegn 247. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, en atferli þeirra varðar við lög og reglugerð sem hér segir:

Ákærði Sigurður þykir hafa gerzt brotlegur gegn 249. gr. og gegn 250. gr., 1. mgr. 2. tl., sbr. 22. gr., 1. mgr., hegningarlaganna, en atferli hans verður ekki einnig heimfært undir þær greinar laga nr. 68/1956 og rgj. nr. 41/1957, sem í ákæru er gert, þar sem talið verður, að með „afgreiðslumanni“ í þeim ákvæðum sé ekki átt við verkamanninn (ákærða Sigurð), heldur við vöruinnflytjandann (skipafélagið).

Ákærði Óskar Agnar þykir hafa gerzt brotlegur gegn 249. gr. sbr. 22. gr., 1. mgr., og gegn 250. gr., 1. mgr. 1. tl., hegningarlaganna, en atferli hans verður ekki einnig heimfært undir þær

greinar laga nr. 68/1956 og rgj. nr. 41/1957, sem í ákæru er gert.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 22. júní 1964, var opinbert mál höfðað á hendur ákærðu fyrir háttsemi þá, sem ræðir um í ákæru máls þessa. Hinn 23. október sama ár gekk dómur í málinu í sakadómi Reykjavíkur, og var ákærði Óskar Agnar dæmdur í 12 mánaða fangelsi, en ákærði Sigurður í 7 mánaða fangelsi. Ákærðu áfrýjuðu dóminum til Hæstaréttar, og gekk dómur þar hinn 23. júní f. á. Var ákæran ekki talin fullnægja ákvæðum 2. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 82/1961 um glögga skilgreiningu á sakarefni og því ekki verða lögð til grundvallar dómi um efni málsins. Var hinn áfrýjaði dómur því ómerktur og málinu vísað frá sakadómi, en sakarkostnað skyldi greiða úr ríkissjóði. Þykir rétt að hafa í huga við ákvörðun refsinga ákærðu, að þeir eru nú sóttir til saka í annað skipti fyrir háttsemi sína.

Refsing ákærða Óskars Agnars þykir samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af því, að hann hefur greitt og sett tryggingar fyrir fjártjóni af atferli sínu, hæfilega ákveðin fangelsi í 11 mánuði.

Refsing ákærða Sigurðar, sem var látinn hætta starfi hjá H/f Eimskipafélagi Íslands 29. janúar 1964, eftir að komst upp um háttsemi hans, þykir samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af fyrri brotum hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Óskar Agnar sat í gæzluvarðhaldi frá 29. janúar til 5. febrúar 1964 og ákærði Sigurður frá 30. janúar til 4. febrúar sama ár. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi varðhaldsvist þeirra að koma með fullri dagatölu refsingum þeirra til frádráttar.

Hinn 30. júní 1961 fékk ákærði Óskar Agnar leyfi til smá-söluverzlunar í Reykjavík, og gildi verzlunarleyfi þetta fyrir Raftækni h/f hér í borg. Fyrrgreint atferli ákærða Óskars Agnars er það stórfelt, að rétt þykir samkvæmt 68. gr., 2. og 3. mgr., hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 31 24. marz 1941 og 39. gr., 3. mgr., laga nr. 68/1956, að svipta hann framangreindu smá-söluleyfi ævilangt.

Ákærða Óskari Agnari ber að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00. Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði Óskar Agnar Ólafsson sæti fangelsi í 11 mánuði,

en gæzluvarðhaldsvist hans frá 29. janúar 1964 til 5. febrúar sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Sigurður Þorkelsson sæti fangelsi í 6 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 30. janúar 1964 til 4. febrúar sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Óskar Agnar Ólafsson er sviptur framangreindu smásöluleyfi ævilangt.

Ákærði Óskar Agnar Ólafsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

Ákærðu greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. október 1966.

Nr. 136/1965. **Karl Ó. Jónsson**

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

Kaupfélagi Vopnfirðinga og gagnsök

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sáttir. Ómerking og frávisun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. ágúst 1965, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. s. m. Kröfur hans eru þær, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð öll í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjaði málinu af sinni hendi með stefnu 14. september 1965, hefur samþykkt kröfur aðaláfrýjanda.

Sáttamenn hafa ekki leitað um sáttir í málinu, en af